



Dagsetning
10. apríl 2002

Sjávarútvegsnefnd Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Sjávarútvegsnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Bygðastofnunar um mál 562, frumvarp til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38, 15. maí 1990.

Hlutverk Bygðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti. Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Í 4. grein er ákvæði um að sjávarútvegsráðherra sé heimilt að ráðstafa allt að 1.500 lestum af óslægðum botnfiski í þorskígildum talið að höfðu samráði við Bygðastofnun.

Bygðastofnun hefur nú þegar til ráðstöfunar byggðakvóta af sama magni sem hefur hliðstætt markmið. Í lögum nr. 1 – 14. janúar 1999 um breytingu á lögum nr. 38 – 15. maí 1990 um stjórn fiskveiða segir í bráðabirgðaákvæði XXVI: “Á fiskveiðiárunum 1999/2000 til og með fiskveiðiársins 2005/2006 hefur Bygðastofnun árlega til ráðstöfunar aflaheimildir sem nema 1.500 þorskígildislestum, miðað við óslægðan fisk, til að styðja byggðarlög sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. Skal þeim úthlutað í samráði við viðkomandi sveitarstjórnir. Aflaheimildir skulu vera í þorski, ýsu, steinbít og ufsa í hlutfalli við leyfðan heildarafla af þessum tegundum. Aflaheimildir þessar miðast við óslægðan fisk og skulu þær dregnar frá leyfðum heildarafla þessara tegunda áður en honum er skipt á grundvelli aflahlutdeildar”


Bygðastofnun telur brýna þörf á að til staðar séu aflaheimildir til að leysa úr vanda byggðarlaga sem hafa lent í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi, og á fundi stjórnar Bygðastofnunar 18. apríl 2000 var samþykkt að leita eftir því að Bygðastofnun fengi til úthlutunar 1500 þorskígildislestir til viðbótar þessum byggðakvóta. Þeirri beiðni var þá hafnað. Það er mat ráðgjafarfyrirtækis að byggðakvótinn hafi haft jákvæð áhrif á þeim stöðum sem hann fengu og leitt til 60-70 nýrra starfa á þeim, og telur Bygðastofnun að viðbótarúthlutun sú sem nú er lögð til muni á sama hátt leiða til aukningar starfa og styrkja þau byggðarlög sem úthlutun hljóta.


Rétt er að benda á að eins og fram kemur í mati fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins er aflaverðmæti núverandi byggðakvóta um 170 m. kr á meðalverði ársins 2001. Í skýringum með frumvarpinu kemur hins vegar fram að heildaraflaverðmæti á árinu 2001 var 69 milljarðar króna, og er verðmæti ofangreindra heimilda því einungis rúmeða 0,2% af heildaraflaverðmæti.

Í 5. grein er kveðið á um að stærðarmörkum krókaafلامarksbáta verði breytt úr 6 brúttótonnum í 15 brúttótonn. Bygðastofnun telur að þessi breyting muni stuðla að auknu öryggi í útgerð smábáta.

Byggðastofnun hefur ekki metið áhrif annarra liða frumvarpsins á byggðapróun.

Virðingarfyllst


Bjarki Jóhannesson
forstöðumaður Þróunarsviðs


Guðmundur Guðmundsson
ráðgjafi